

Hafnarnefndarfundur

Mánudaginn 29. desember 2008 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 10.30. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Árni Sigurðsson, Sævar Hallgrímsson, Gunnar Sveinsson, Jóhann Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Formaður, Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Drög að fjárhagsáætlun 2009.

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun 2009 sem formaður kynnti. Hafnarnefnd ræddi áætlunardrögin en gerði ekki athugasemdir við þær fyrir sitt leyti.

2. Gjaldskrá:

Fyrir fundinum lá gjaldskrá hafnarinnar. Hafnarnefnd ræddi gjaldskrána og samþykkti óbreytta gjaldskrá með fyrirvara um að söluverð á rafmagni fylgi verðbreytingum á innkaupsverði raforku.

3. Minnisblað um köfun.

Minnisblað um köfun Ernst Berndsen í höfnina 10. nóv. 2008 lá fyrir fundinum. Í minnisblaðinu er fjallað um ástand hafnarmannvirkja og greint frá því hvað kom í ljós við þá skoðun sem kafari gerði. Fram kemur að ástand mannvirkja er mjög slæmt á tveimur stöðum. Samþykkt að leita aðstoðar Siglingastofnunar um lausnir til úrbóta og kostnaðarmat á þeim.

4. Samgönguáætlun 2009-2012.

Úrdráttur úr þeim kafla samgönguáætlunar sem snýr að Skagastrandarhöfn lá fyrir fundinum. Rætt var um stöðu fjárveitinga og hugsanlegra framkvæmda.

5. Önnur mál.

Ekki voru tekin fyrir erindi undir önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 12.00

Adolf H. Berndsen

Árni Sigurðsson

Sævar Hallgrímsson

Gunnar Sveinsson

Jóhann Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson